



Þoröld

HEY! HEY!
Sendið heyð ykkar til íslensku hæg-
kaupmannanna, og fáið hæðsta verð,
einnig fjóta afgreiðslu. Peningar lán-
aðir á "kór" send beint til okkar.
Vér ábyrgjumst að gera yður á-
nægða.
THE NORTHERN HAY CO.
408 Chambers of Commerce
Talsimi G. 2209. Nætur talsimi S. 3247
Winnipeg, Man.

1 ARGANGUR

WINNIPEG, MANITOBA, 7. JANUAR, 1919

Nr. 48.

Prír bræður á vígvelli



Eftur er Guðmundur, til vinstri Páll og til hægri Björn.
Það hefir dregist lengur en átti að vera að birta þær
myndir sem Voröld flytur í dag, og eru hlutadeigendur beðn-
ir afsökunar á því.

Þessir ungu og efulegu menn lögðu allir af stað í himi
hættulega leidangur, stríðið með fullum huga og fögrum
frægðar vonum. Ná hverfa tveir þeirra innan skamms aftur
til foreldra-húsanna og verður þeim tekið önnur örmum, en
einn hefir hugið fyrir atgeir dauðans og liggur nú í fram-
andi mold undir hinu súðrennar sólar.

Guðmundur Kristinn Bjarnason var fæddur á Lauga-
vegi í Reykjavík árið 1900. Foreldrar hans eru þau Þórður
Bjarnason og Vigdís kona hans í Selkirk. Er Vigdís af
hinni alþektu Hofstadaætt og var Margrét móðir hennar
dóttir Magnúsar bónda á Hofsstöðum. Bræður Vigdísar
eru þeir Auðunn, útvegsbóndi í Þjóðbraut í Gafði og Magn-
ús skósmíður í Hafnarfirði.

Guðmundur innritaðist í 108 herdeildina 14. des. 1915;
fór til Englands 12. sept. 1916 og var þar þangað til hann
fór til Frakklands seint í júlí sama ár; þar var hann í skot-
gröfunum þar til hann féll í orustu 2. sept. 1918; þá 18 ára
og þriggja mánaða.

Um það þeg öllum saman er Guðmund þekktur að hafi
hafi verið einkar vel gefinn piltur, vinsell og staðfastur í
lund; kjarkgædur og ótull eins og einnig má sjá á þröf sem
yfirmáður hans skrifar foreldrum hans eftir hann látnum.

Foreldrum sínum var hann tryggur og skyldurakinn og
notaði hvert tækifæri meðan hann var í hernum til þess að
skrifa þeim huggunar og hughreystingarbréf. Kvæð hann
sér falla vel hernaðarslífið og það móður sína að bera engar
áhyggjur sín vegna. Seinasta bréf hans er skrifað einum
degi áður en hann féll og má nærri geta hversu dýrmatur
fjarsíður það er og verður hinum syrgjandi foreldrum.

Bréf það sem yfirmáður Guðmundar lét skrifa foreldrum
hans þegar hann féll er þannig:

Frakklandi, 10. sept. 1918

Kæri herra Bjarnason:

Yfirmáður sonar þins vottar þér sambrygd sína og
sama gjöri eg, og gjör svo vel að flytja þá sambrygd fólki
þínu, með því að sonur þinn Pte Bjarnason, 721197 er fallinn.
Hann hafði aðeins verið stutta stund í undirleidd minni, en
þann tíma var hann ávallt góður hermaður; hann var mjög
hugrakkur og þótti sérliga vænt um að vera í orustunni 2.
sept. 1918 og hryggir það mig að verða að tilkynna þér að
hann féll þar. Eg vona að það verði þér gleði í sorginni að
heyrja að hann dó á svipstundu og einnig það að hann dó í
orustu gegn óvininum. Hann var grafinn með öllum hervirð-
ingum. Gróf hans er Reg. Map. S. Hat. 51 B. V. 7 S. 4-6 N.
E. of Caymeount.

Eg streka hrygd minna og er þinn einlægur

Leslie J. K. Smith, Lieut. 16th Batt.

Páll Kjartan Bjarnason

er hálfróðir Guðmundar, sonur Þórðar Bjarnasonar í Selk-
irk og Rakelar fyrri konu hans Pálsdóttur Kristjánssonar
dannebrogsmanns frá Eyði í Austureyri á Færeyjum.

Páll er 22 ára að aldri; hann innritaðist í herinn í júlí
1918 og er í verkfræðinga deild á England.

Bjarni Bjarnason

er albróðir Páls. Hann er rúmra 19 ára og innritaðist í her-
inn í júní mánuði í fyrra og er á Englandi.

Aritan Páls er Shr. Páll Kjartan Bjarnason, 3346781,
Engineers C. 86, Seaford, Sussex, England, C. E. F.

Aritan Bjarni er Pte Bjarni Bjarnason 2273374, 18th
Can. Reserve Batt. No. 6 Coy. Seaford, Sussex, England.

Bláðin á Íslandi eru vinsamlega beðin að birta þessar
línur.

MIKIL TÍDINDI OG GÓÐ.

Prír bræður í hernum



Þessir þrír hermenn, sem myndirnar eru af, eru bræður. Þeir eru synir Björns Sigurðssonar, bónda
að Hove P.O. Man. og konu hans Jóhönnu Antoníusardóttur. Þjuggu þau hjón lengi á Víðimýri við
Íslendingafjót í Nýja Íslandi, og þar eru þessir þrír synir þeirra fæddir. Nú síðari ár hafa þau hjón
búið í Háland bygðinni við Grunnvatn, og er Björn einn af gildustu bændum þar um slóðir. Eiga þau
mjög börn, flest uppkomin, sem öll eru mjög mannvenleg og má telja syni þeirra þrjá, sem í hernum eru
með mestu myndar- og efnumönnum. Sá elsti, Pte. B. Sigurðsson, er fæddur 7. des. 1894. Var hann
hjál foreldrum sínum til 16 ára aldurs. Í herinn gekk hann í des. 1915 í Canadian Engineers deildina og
fór til Englands sama ár; til Frakklands fór hann í des. 1917 og var í stríðinu stöðugt unz hann særðist
á fæti 10. okt. 1918. Hann lá á spítöllum á Frakklandi og Íslandi þangað til fyrir skömmu að hann
var gróinn sára sinna.

Pte. Jónas B. Sigurðsson er fæddur 18. júní 1897. Hann var heima hjál foreldrum sínum þar til
hann var kallaður í herinn 10. maí 1918. Til Englands fór hann 25. júlí og er þar enn.

Trooper Ellis G. Sigurðsson er fæddur 27. okt. 1898. Hann gekk í Fort Garry riddaralíðs deildina
í júní 1918 og fór til Englands 25. júlí.

Hér birtist undanfarið bréf sem einn drengjanna skrifaði móður sinni, er það Björn sá er særðist.

4. nóv. 1918

Kæra móðir mín:—Eg sendi þér áðeins fáar línur til þess að láta þig vita að mér líður vel og að eg
kem bráðum heim og fle að sjá ykkur öll aftur einu sinni enn. Eg hefi sannarlega verið heppinn að
komast svona vel í gegn um þetta. Einhver hlýtur að hafa verið að biðja þess að eg kemi aftur heill á
húfi; eg held—nei eg veit að það hefir enginn annar verið en þú elsku mamma mín. Aldrei hefir dagur
líðið svo að eg hafi ekki hugsað um þig, sérstaklega þegar eg hélt að hvert augnablik mundi ef til vill
verða það síðasta. Eg hefi séð svo ótal marga félaða mína falla. Aumingja piltarnir. Þeir eru allir
svo glafir yfir því að þessar skelfinga stundir eru þegar lönar; en það gleður mig mest að eg hefi gert
skyldu mína og séð margt sem eg mun ekki gleyma eins lengi og mér endist aldur. Eg fékk bréf frá
báðum bræðrum mínum nýlega. Þeim líður báðum vel; eg held ekki að þeir komi til Frakklands.
Jaja, elsku mamma, eg kvæð þig í þetta sinni og sé þig bráðum.

Þinn elskandi sonur, BJARNI SIGURÐSSON.

Sveinn Hjaltalin Oddson



Hér birtist mynd af einum þeirra ungu manna sem þjóð
vor varð að sjá á bak og hrifinn var brott af völdum hins
banvænna stríðs.

Er þar eftirskilið forsjarlaust heimili og ekkja með
barnahóp, þar sem hann var eina fyrirvinnu móður sinnar.

Pilturinn hét Sveinn Hjaltalin og var sonur þeirra hjóna
Gunnars Oddssonar frá Hvammi í Kjöf og Sesselju konu
hans Sveinsdóttur frá Syðraseli í Hrunamannahreppi í Arn-
essýslu. Sveinn fluttist vestur með foreldrum sínum árið
1900. Hann innritaðist í 223. herdeildina í ágúst 1916; fór
til Englands í sama mánuði 1917 og til Frakklands í des.
sama ár, þar var hann á vígstöðvunum þangað til hann féll
í orustu 8. ágúst 1918. Sveinn var myndarpiltur hinn mesti
og orðinn vaskleika maður þótt hann væri tæplega tvítugur
(hann var fæddur í Reykjavík á Íslandi 30. sept. 1899).

"Hann barðist eins og hetja og féll eins og hetja" sagði
maður einn sem næstur honum var daginn sem hann féll.

Gunnar faðir hins unga vaska manns lézt árið 1911 og
býr móðir hans með börnum sínum í Árborgar bygðinni.
Sveinn var eini uppkomin sonurinn en móðir hans á eina
dóttur uppkomma og fjögur börn önnur á aldrinum frá 7 til
15 ára.

Megi selar minningar skipa öll sæti í sálu móðurinnar
og gjöra sorgina útlaga.

Þórður Þórðarson Tomson



Þórður Þórðarson Tomson kom úr sjóhernum til Winni-
peg þann 21. desember síðastliðinn. Þórður innritaðist 15.
apríl 1918 (var sjálfboði). Hann er fæddur á Rauðafelli
undir Eyjafjöllum, á Íslandi, 15. maí 1887. Faðir hans var
Þórður Tómasson, bóndi á Rauðafelli, bjó þar allan sinn
aldur. Móðir Þórðar yngra var Guðrún Tómasdóttir
Sigurðssonar. Tómas var albróðir Páls gamla í Arkvörn,
sem margt ritaði. Sigríður hét móðir Guðrúnar, og var
systir séra Þorsteins, fæddur Frú Torfhlíðar Hólm, svo nefnd
"Skógawtt." Þórður flutti til Canada árið 1910, hefir
stundað trésmíðar síðan hann kom vestur, og búið í Mani-
toba allan tímann, nema 6 mánuði, sem hann stundaði þá
atvinnu vestur á Kyrrahafsströnd. Hann stundaði skipa-
smíði meðan hann var í hernum.

Þórður hefir mest af tímanum dvalið hjál systur sinni,
Frú Sigríði, konu Sigfúsar Pálssonar, húsmunaflutnings-
manns, 488 oronto stræti í Winnipeg.

Ísland storkostlegt íðnaðar, fram-
leiðslu og verzlunarländ.

Járnbraut frá Reykjavík til Þjórs-
ár.

Canada korn flutt til Íslands og
malað þar.

Allir millilanda samningssamman-
nir íslensku orðnir Dannebrogs
menn.

Tið svo góð á Íslandi að sóleyjar
sprungu út í nóvember.

Inga Johnson, hjúkrunarkona hefir
í hlotið hæsta sigurmerki fyrir
frábært hugrekki og dugnað
við líknarstörf.

Skýrslur sem nýlega eru útkomnar
í Manitoba sýna það að frá 1. janúar
til 1. nóv. 1918 ósa í tíu mánuði höfðu
fæðst í fylkinu 12,557 börn og á sama
tíma dáið 3,798 manna. 3,376 hjón
höfðu verið gift. Danseföllin höfðu
verið nokkurn veginn svipuðu alla
mánuðina, en fæðingum hafði heildur
fjölgað eftir því sem lengra leið.

15,000 Bretar sem haldið var að fái
16 herða í stríðinu eru fangar á þýska
landi.

Roosevelt, fyrverandi forseti Bar-
daríkjanna lézt í gærmorgun í
svefni úr hjartagigt.